

Notkun tilraunadýra í lífeðlislegri sálarfræði

Flestar athuganir í lífeðlislegri sálarfræði fara fram á lifandi verum. Vegna eðlis sumra rannsóknaraðferða eins og til dæmis brotnáms heilahluta er ekki talið siðferðislega rétt að framkvæma slíkar rannsóknir á mönnum. Þeir menn sem hins vegar eru svo óheppnir að verða fyrir heilaskaða eru hins vegar oft rannsakaðir. Í þeim tilfellum þar sem framkvæma þarf brotnám heilavefs eða aðrar tilraunir þar sem varanleg áhrif geta orðið á starfssemi og getu lífverunnar eru notuð dýr. Mýs og önnur nagdýr skipa þar veglegan sess. Að mörgu ber að gæta þegar rannsóknir eru framkvæmdar á dýrum. VI. kafli laga um dýravernd (nr. 15 frá 1994) segir: *Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi tilraunadýranefndar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrið. Einnungis má nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri.* Þessi löggjöf hefur því áhrif á rannsóknar aðferðir lífeðlislegrar sálarfræði sem og annarra sviða sálfræðinnar. Sem dæmi má nefna að við Háskóla Íslands er notað tölvuforrit (Sniffy the Virtual Rat) til að skilyrða rottu en ekki lifandi rottur. Þar sem búið er að forrita sýndarrottu út frá lögumálum virkrar skilyrðingar er mögulegt að nota þennan staðgengil tilraunadýrs og draga úr tilraunum á dýrum á þessu sviði sálfræðinnar.

Erlendis er talað um „The Three Rs“ í meðferð tilraunadýra, það er *Refinement, Reduction og Replacement* (Smaje o.fl, 1998). Með þessu er verið að stuðla að:

1. Bættum starfsvenjum og aðferðum í dýrarannsóknum (refinement).
2. Draga eins mikið og hægt er úr fjölda dýratilrauna og fjölda dýra í hverri tilraun. (reduction).
3. Nota aðrar aðferðir sem skila sama árangri (replacement).

Tilraunir á dýrum þurfa að vera bæði mannúðlegar í garð dýra og fræðilega þess virði að framkvæma. Með réttum starfsvenjum og aðstöðu er hægt að tryggja dýrum þau skilyrði að komist sé hjá öllu óþarfa álagi og sársauka. Erfiðara getur verið að meta fræðilegt réttmæti tilraunar (Carlson, 1998). Þá er helst að bera saman það sem gæti áunnist í fræðigreinininni á móti því sem lagt er á dýrin við tilraunina. Sama gildir um öll siðferðisleg ágreiningsmál í sálfræðirannsóknum þar sem vega þarf og meta hugsanlegan gróða (aukna þekkingu) á móti kosnaði (Gale, 1995).

Ef litið er á íslenska löggjöf um dýravernd kemur fram í kafla IV um aðgerðir á dýrum og aflifun: *Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma lækniáðgerðir á dýrum. Undanþegnar eru þó minni háttar aðgerðir og lyfjameðferð í samráði við dýralækni* (Lög um dýravernd nr 15. frá 1994). Samkvæmt þessum lögum mætti framkvæma lyfhrifa

tilraunir án dýralæknis. Tilraunir þar sem fram færu stærri aðgerðir á dýrum til dæmis aðgerðir á heila ættu að vera framkvæmdar af dýralækni. Í kafla VI. málsgrein fimm er tekið fram að tilraunadýranefnd skuli tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi hlotið þjálfun og menntun í meðferð tilraunadýra. Í B.A. námi sálfræðinnar virðist ekki vera tekið sérstaklega á þessari þjálfun né menntun svo að nemendur í sálfræði ættu ekki að framkvæma tilraunir á dýrum samkvæmt lögum um dýravernd án umsýðingaraðila (sérfræðings um tilraunir á dýrum eða dýralæknis) með tilskylda þekkingu og reynslu á þessu sviði.

Ljóst er að ekki er hægt með öllu að taka fyrir notkun dýra í rannsóknum á lífeðlislegri sálfræði. Tilraunir með dýr hafa aukið við þekkingu vísindamanna á mörgum sviðum (væri til Virtual Sniffy ef það hefði ekki verið Sniffy í búrinu hjá B.F. Skinner?). Vísindamönnum ber þó skylda til að reyna að draga úr notkun tilraunadýra og allar tilraunir á dýrum þurfa að vera réttlætanager og notast við eins fá tilraunadýr og hægt er. Einnig þarf að tryggja góða umhirðu og meðferð dýra sem notuð eru á tilraunastofum. Bætt meðferð og markvissari notkun dýra í tilraunum geta einnig haft áhrif á gæði tilraunarinnar sjálfar og minnkað kostnað vegna dýra og dýrahalds (Smaje o.fl., 1998).

Það er skoðun margra dýraverndunarsinna að tilraunir á dýrum séu hið versta mál og miklum skrifum varið til gagnrýni á slíkum tilraunum. Margfalt meira er skrifað um meðferð dýra á tilraunastofum en drápum dýra til matar, skinna eða annarra nytja (sjá í Carlson, 1998, bls. 14). Þó svo að dýraræktendur og veiðimenn þurfi ekki að lúta siðferðisnefndum og sérstökum dýraverndunarnefndum sem geta svipt viðkomandi leyfi til dýrahalds. Skoðun margra á notkun dýra í tilraunastofum jaðrar við trúarbrögð. Við slíkt fólk er ekki hægt að rökræða um hugsanlega aukningu á þekkingu okkar á þeim kvillum sem plaga mannkynið né segja frá þeim endurbótum og eftirliti sem á sér stað á meðferð dýra í tilraunastofum. Öllu skynsömu fólki ætti samt að vera ljóst að án dýra getum við ekki verið og ekki sé með nokkru móti hægt að komast hjá því að nota þau í tilraunaskyni. Nema það eigi frekar að framkvæma tilraunir á mönnum.

Heimildaskrá

Carlson, N. R. (1998). *Physiology of behavior* (6. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.

Gale, A. (1995). Ethical Issues in Psychological Research. Í Colman, A.M (Ritstj.), *Psychological research methods and statistics*. (bls. 92-112). New York: Longman Publishing.

Smaje, L.H. , Smith, J.A., Combes, R.D., Ewbank, R., Gregory J.A., Jennings, M., Moore, G.J. og

Morton, D.B. (1998). Advancing refinement of laboratory animal use. *Laboratory Animals*, 32, 137-142.

Lög um dýravernd nr 14/1994